




Sjöunda umferðin — umferð útlendinganna

SJÖUNDA umferð Reykjavíkurskákmoðtsins var umferð útlendinganna. Þeir unnu allar sínar skákir gegn Íslendingunum. Sú skák, sem hvað mesta athygli vakti, var skák Timmans og Guðmundar Sigurjónssonar. Hún birtist hér í blaðinu í gær og er óþarft að fjalla meira um hana. Guðmundur teygði sig einfaldlega of langt.

Helgi Ólafsson varðist lengi af stakri þrói gegn Keene, en lék svo heiftarlega af sér þegar hann gat náð jafnteflisstöðu. Staðan var þessi:



Hér lék Helgi 31. — Bxa2?? og gafst upp eftir 32. He2. Hefði hann leikið 31. — Bc4 er staðan steindautt jafntefli eftir 32. Ke2 — Bc3.

Ingi R. Jóhannsson varð að bíta í það súra epli að tapa fyrir Vukcevic. Skákin fer hér á eftir:

Hvítt: M. R. Vukcevic
Svart: Ingi R. Jóhannsson
Spænskur leikur

1. e4 — e5, 2. Rf3 — Rc6, 3. Bb5 — a6, 4. Ba4 — Rf6, 5. 0-0 — Be7, 6. He1 — b5, 7. Bb3 0-0, 8. c3 — d6, 9. h3 — Rb8, 10. d4 — Rbd7, 11. Rbd2 — Bb7, 12. Bc2 — He8, 13. b3

(Gott er einnig 13. b4 og í 1. umferð lék Westerinen gegn Timman 13. Rf1).

13. — Bf8
(Athyglisvert er einnig 13. — g6, 14. Bb2 — Rh5).

14. Bb2 — g6, 15. a4 — Kg7, 16. axb5
(Eða 16. Bd3 — bxa4!, 17. Hxa4 — d5! og svartur stendur vel).

16. — axb5, 17. Bd3 — c6, 18. Dc2 — Hxa1!, 19. Hxa1 — Db8?
(Hér gat svartur jafnað taflíð með 19. — d5!. Nú tryggir hvítur sér varanlega yfirburði).

20. dxe5! — dxe5, 21. b4 — Bf8, 22. Db3 — h6, 23. e4! — bxc4, 24. Bxc4 — He7, 25. Ha5! — Re8?
(Nú vinnur hvítur laglega).

26. Rxe5! — Rxe5, 27. Hxe5 — Rd6,
(Eða 27. — Hxe5, 28. Bxf7+ — Kh7, 29. f4 og vinnur).

28. Hxe7 og svartur gafst upp.

Gunnar Gunnarsson varð fórnarlamb snjallrar sóknar-taflmennsku Westerinens:

Hvítt: Westerinen
Svart: Gunnar Gunnarsson
Sikileyjarvörn

1. e4 — c5, 2. Rf3 — d6, 3. d4 — cxd4, 4. Rxd4 — Rf6, 5. Rc3 — a6, 6. Bg5 — e6, 7. f4 — Be7, 8. Df3 — De7, 9. 0-0-0 — Rbd7, 10. Dg3 — b6, 11. Be2 — 0-0-0, 12. Bf3 — 0-0-0 13. Hhe1 — g6 14. e5 — dxe5, 15. fxe5 — Rh5, 16. Bxh5 — Bxg5+, 17. Dxg5 — gxh5, 18. Dxxh5 — Rc5, 19. He3 — b5, 20. a3 — Db6, 21. Dxf7 — Hhf8, 22. De7 — Hf2, 23. Rxxb5! — axb5, 24. Hc3 — Hd5, 25. De8+ — Dd8 26. Hxc5+ — Hxc5, 27. Dxd8+ — Kxd8, 28. Rxe6+ — Ke7, 29. Rxc5 — Bxg2, 30. Hd7+ — Ke8, 31. Hxh7 og svartur gafst upp.

Skák


eftir JÓN P. ÞÓR

Og lítum nú á skák Björns og Friðriks:

Hvítt: Björn Þorsteinsson
Svart: Friðrik Ólafsson
Sikileyjarvörn

1. e4 — c5, 2. Rf3 — e6, 3. d4 — cxd4, 4. Rxd4 — a6, 5. Bd3 — Rf6, 6. 0-0 — d6, 7. e4 — g6, 8. Rc3 — Bg7, 9. Be3 — 0-0, 10. h3 — Rbd7, 11. Dd2 — Re5, 12. Be2 — Dc7, 13. b3 — b6, 14. Haa1 — Bb7, 15. f3 — Hfe8, 16. Hfd1 — Had8, 17. Bf1 — Ba8, 18. Df2 — Hb8, 19. Rde2 — Hb8, 20. Ra4 — Rfd7, 21. Rec3 — f5!, 22. exf5 — gxf5, 23. Dd2? — Bxf3, 24. Dxd6 — Db7, 25. gxf3?? — Bf8 og hvítur gafst upp, þar sem drottningin fellur.

Skák Margeirs og Hauks var býsna sviptingasöm og valt á ýmsu um gengi keppenda. Jafntefli var þó sanngjörn úrslit.



Hvítt: Antoshin
Svart: Najdorf
Stöðumynd.
Hvíttur lék biðleik

Dágóð aðsókn að Haustsýningu FÍM

DÁGÓÐ aðsókn hefur verið að Haustsýningu FÍM á Kjarvalsstöðum að sögn Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings. Um helgina var aðsókn mjög mikil og síðan hafa skoðað sýninguna um 200 manns á dag. Aðalsteinn bjóst við, að gestir væru því orðnir um eitt þúsund, sem væri alls ekki slæmt með tilliti til þess, að sýningin stæði nokkuð lengi og yrði opin um tvær helgar enn.

Talsvert hefur selzt af myndunum, en þær eru langflestar til sölu. Þá hefur verið tekin upp sú nýbreytni að kvikmyndasýningar eru á Kjarvalsstöðum í sambandi við sýninguna eins og þegar hefur verið getið um hér í blaðinu. Næsta kvikmyndasýning verður á sunnudag, 5. september, og verður þá sýnd mynd um surrealista og hefst sýningin kl. 20.30.

Mánudag 6. sept. kl. 20: Listamenn í New York.

Fimmtudag 9. sept. kl. 20: Frönsk málalísta eftir 1950.

Föstudag 10. sept. kl. 17: Þrjár listmálarar: Max Beckmann, Francis Bacon og Hundertwasser.

Sama dag kl. 20: Forverar í nútímalist: Picasso, Braque, Matisse og Paul Klee.

Laugardag 11. sept. kl. 17: Þrjár listmálarar.

Sunnudag 12. sept. kl. 17: Surrealisminn.